

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 7. mars 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska Efnahagssvæðinu um neytendavernd (617. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á lögum til af innleiðingu frumvarps um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (616. mál) geti orðið.

Með lögumum eru rannsóknar- og eftirlitsheimildir tiltekinna stofnanna auknar til muna. Verði frumvarpið samþykkt verður þeim heimilt að gera nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum þeirra aðila sem lögin taka til þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn þeim lögum. Er þetta í samræmi við c. lið 6. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins sem frumvarpið byggir á. Þess ber þó að geta að umrædd tilskipun miðar við að „rökstuddur grunur“ þurfi að vera til staðar um brot en ekki „ríkar ástæður“ eins og frumvarpið kveður á um. Skýrist það væntanlega af því að miðað hefur verið við orðalag 20. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og því ættu sömu hlutlægu skilyrðin að liggja að baki athugunar skv. frumvarpi þessu og samkeppnislögum.

Viðskiptaráð leggur ríka áherslu á að við veitingu aukinna heimilda til eftirlits og rannsókna sé stigið varlega til jarðar enda felast í slíkum heimildum oftar en ekki mjög íþyngjandi ráðstafanir fyrir þann aðila sem fyrir þeim verður. Reglur er varða slíkar heimildir verða að vera skýrar og ótvíræðar. Þannig verður að afmarka slíkar heimildir á skýran hátt í lögum. Leggur Viðskiptaráð því til að þær stofnanir sem um ræðir verði ekki fengnar heimildir til að leggja halda á gögn við vettvangsrannsóknir sínar. Er það í samræmi við ofangreinda reglugerð, en þar er hvergi kveðið á um slíka heimild. Þetta sjónarmið er reifað stuttlega í athugasemdum frumvarpsins hvað varðar auknar heimildir Neytendastofu. Viðskiptaráð leggur til að þessi afmörkun verði tekin upp í lagatextanum sjálfum bæði hvað varðar Neytendastofu og aðrar stofnanir sem frumvarpið tekur til. Vísun frumvarpsins til X. kafla laga um meðferð opinberra mála um haldlagningu muna er því óþörf.

Jafnframt leggst Viðskiptaráð gegn því að heimildir Flugmálastjórnar Íslands skv. frumvarpinu verði settar í reglugerð. Ekki verður séð að Flugmálastjórn skeri sig á einhvern hátt frá hinum stofnununum sem um ræðir og engin rökstuðningur er fyrir slíkri ráðstöfun í frumvarpinu. Til að gæta fyllsta réttaröryggis ætti því að kveða á um slíkt í lögum.

Viðskiptaráð leggur því til að 1., 9., 11. og 12. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að þrátt fyrir að umræddum stofnunum sé heimilt að gera athuganir á starfsstöðvum sé þeim óheimilt að leggja hald á gögn við framkvæmd slíkra athugana. Af því leiðir er vísun ofangreindra ákvæða til reglna X. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 óþörf. Einnig er lagt til að heimildir Flugmálastjórnar Íslands skv. 11. gr. frumvarpsins verði settar í lög um loftferðir nr. 60/1998.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs